

Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi,
Austurvegi 67,
Selfossi

Selfossi, 25. janúar 2026

Varðar: Tryggvagata 36 – Deiliskipulagsbreyting

Undirrituð er eigandi neðri hæðar Tryggvagötu 32, Selfossi sem er þar næsta hús við Tryggvagötu 36. Í uppfærðri tillögu sem auglýst var í Lögbirtingarblaði þann 15. desember 2025 er enn um að ræða þriggja hæða hús í tillögu að deiluskipulagi að Tryggvagötu 36.

Mig langar enn og aftur að lýsa yfir ósætti mínu við þessar tillögur þar sem þriggja hæða fjölbýlishús er í hrópandi ósamræmi við öll íbúðarhús í nærliggjandi byggð. Byggingarreitur hefur verið færður innan lóðar en enn er um allt of háa byggingu að ræða. Það er mjög leitt að sjá hvernig sveitarfélagið hefur unnið málið og fært íbúum í nærliggjandi húsum ósannindi um fyrirhugað byggingarmagn á lóð Tryggvagötu 36.

Enn vil ég ítreka óviðeigandi skuggavarp á nærliggjandi hús, rýrt virði nærliggjandi fasteigna vegna framkvæmdarinnar og vindstrengi sem komið geta vegna bygginga af þessari stærðargráðu að ógleymdum hávaða og mengun.

Það skal líka tekið fram að lagnir á þessum legg Tryggvagötu er upprunalegur og er farinn að láta á sjá. Hafa íbúar lagt fram kvartanir í ábendingagátt Árborgar vegna þessa og ónæðis þar sem lagnir yfirfullast og hafa ekki undan þeim húsum sem nú standa við götuna. Sérstaklega á rigningardögum. Því skilur undirrituð ekki hvernig allur þessi fjöldi íbúða á að komast inn á rotið kerfi sveitarfélagsins.

Undirrituð vill benda á að nær væri að byggja þar- eða raðhús á lóðinni líkt og starfsmaður sveitarfélagsins gaf upplýsingar um að byggja ætti á lóðinni svo betra samræmi náist í götummyndina.

Virðingarfyllst,

Henný Árnadóttir